

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2020, fimmtudaginn, 24. september, var haldinn 9. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 16.57. Fundinn sátu Dóra Magnúsdóttir, Gústav Adolf Bergmann, Hilmar Jónsson og Jóhanna Kristín Jóhannesdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Bylgja Björnsdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Fundinn sat einnig Tómas Ingi Adolfsson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september 2020, um samþykkt borgarráðs á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.
2. Lagt er fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 14. september 2020, með tilkynningu um breytingar á reglum um úthlutun í hverfissjóð Reykjavíkurborgar.
3. Lagt er fram svar frá samgöngustjóra, dags. 21. ágúst 2020, við bókun íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 25. júní 2020, um gönguljós á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.
4. Lagt er fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. september 2020, með beiðni um umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur.

Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Vinstri grænna, fulltrúi íbúasamtaka, fulltrúi slemmbivalinna og fulltrúi foreldrafélags gera ekki athugasemdir við áætlunina.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga er enn ein aðförin að fjölskyldubílnum og er henni alfarið hafnað. Að minnka hraðann með þessum hætti skapast enn meira umferðaröngþveiti í Reykjavík en nú er. Borgarstjóra og meirihlutanum er hætt að vera sjálfrátt í umferðarmálum í stýringu sinni á daglegu líf þeirra sem búa, lifa og starfa í borginni. Íbúaráðið ætlar ekki að skila umbeðinni umsögn í á meðfylgjandi tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir borgarhlutann. Borgarfulltrúi Miðflokksins er því eini talsmaður þeirra sem þurfa og verða að vera á fjölskyldubílnum og jafnvel tveimur til að geta sinnt sínu fjölskyldulífi með því að komast hratt á milli staða. Tíminn er dýrmætur og andrúmsloftið er líka dýrmætt og mun meiri mengun er þegar hægt er á umferð. Þessi tillaga gengur gegn báðum. Minnt er á að ef þessi tillaga nær fram að ganga þá brýtur hún gegn samgöngusáttmála ríkisstjórnarinnar og borgarinnar um að greiða umferðarflæði með ljósastýringu.

5. Lögð er fram auglýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. september 2020, með tillögu að nýjum reitum fyrir íbúabyggð og hverfiskjarna.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaða vísar í athugasemdir frá íbúum í hverfinu sem og bókanir vegna Furugerðis í lið nr. 4 frá [8. fundi ráðsins](#) þann 27. ágúst síðastliðinn.

6. Lögð er fram auglýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. september 2020, með tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 23 við Furugerði.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaða vísar í athugasemdir frá íbúum í hverfinu sem og bókanir vegna Furugerðis í lið nr. 4 frá [8. fundi ráðsins](#) þann 27. ágúst síðastliðinn.

7. Lögð er fram auglýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16.9.2020, um aðalskipulagsbreytingar sem snúa að landnotkunarheimildum varðandi staðsetningu sértækra búsetuúrræða.
8. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
9. Lagðar eru fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.

Umsókn um æfingastúdíó fyrir ungt tónlistarfólk samþykkt með skilyrði um að verkefnið sé kynnt ungmennum í hverfinu með viðeigandi hætti.
Öðrum umsóknum hafnað.

Fundi slitið kl. 17:48

Gústav Adolf Bergmann
Hilmar Jónsson
Vigdís Hauksdóttir

Dóra Magnúsdóttir

Jóhanna K. Jóhannesdóttir
Bylgja Hrönn Björnsdóttir